

Fundur haldinn í Grunnskólanum í Hveragerði, Skólamörk, 25. febrúar 2010 kl. 17:00

Mættir voru: Anna Björk Níelsdóttir, Birkir Sveinsson, Eyjólfur Kolbeinsson, Aðalheiður Einarsdóttir í stað Guðrúnar Hafsteinsdóttur, Guðjón Sigurðsson, Dagbjört Helga Guðmundsdóttir, Ingibjörg Sigmundsdóttir í fjarveru Hönnu Guðrúnar, Ingibjörg Zoega, Vigdís Jóhannesdóttir tilkynnti forföll og Viktoría Sif Kristinsdóttir sem ritaði fundargerð.

## Dagskrá:

- 1) Kynning á Art
- 2) Skýrsla skólastjóra
- 3) Samræmd próf og áherslur í skólasterfi

Formaður setti fund. Engar athugasemdir voru við fundarboð.

## Kynning á Art

Gunnar Baldursson deildarstjóri sérkennslu kom á fundinn og var með kynningu á Art.

Art stendur fyrir Aggression Replacement Training (þjálfun í reiðistjórnun). Með art þjálfun er leytast við að kenna nemendum rétta hegðun og bregðast við neikvæðu áreiti á sem bestan hátt. Nemendur fá tækifæri til að tjá sig í litlum hópi bæði munnlega sem og í formi örleikrita. Þar er ákveðin hegðun sett á svið og sýnt er með sýnikennslu/örleikriti hvernig réttast sé að bregðast við. Farið er í svokallaðar "klípusögur" þar sem sögð er saga og nemendur eiga að segja hvað þeim finnst réttast að gera. Hópefli er mikið notað þar sem unnið er með félagsfærni nemenda og er hverri kennslustund lokið með stuttum leik þar sem treysta þarf á nánungann og samvinnu.

## 2. Skýrsla skólastjóra

Guðjón skólastjóri fór yfir það sem hefur á daga drifið síðan á síðasta fundi. Jólamánuðurinn gekk vel með öllum sínum hefðum og venjum svo sem gangasöngi og fleiru. Skólasterfið hófst að nýju mánudaginn 4. janúar með skipulagsdegi kennara. Í janúar fór fram mat í formi kannana,

ritgerða og prófa. Í lok janúar var síðan afhending námsmat og foreldradagur. Nokkuð hefur verið um heimsóknir í skólann okkar og má þar helst nefna fríðan flokk flokkunarmanna frá Íslenska gámafélaginu, 50 manna hóp frá Englandi, 70 manna hóp frá Grunnskólanum í Grindavík svo eitthvað sé nefnt. Flokkun fer vel af stað í skólanum og ríkir almenn ánægja um þennan þátt skólastarfsins. Öskudagurinn var skóladagur líkt og undanfarin ár en þennan dag mættu bæði nemendur og starfsfólk í grímubúningum. Margt var gert sér til skemmtunar svo sem, bíó á sal, skákmót, spilastofur, saumaðir voru öskupokar og tókust nemendur á við leikræna tjáningu og slökun. Stóra upplestrarkeppnin fór fram þriðjudaginn 23. febrúar. Tókst hún með miklum ágætum. Bókasafnið gaf þeim fjórum fulltrúum sem valdir voru áfram bókaverðlaun. Vikuna 15. – 19. febrúar var blásið til kynjavíku á elsta stigi og féll það í góðan jarðveg.

Skólinn hefur markað sér stefnu hvað varðar skólaferðir nemenda til útlanda. Annað hvert ár verður farið til enskumælandi landa og hitt til Norðurlanda. Nefnd á vegum skólans er að sækja um styrki í þessar ferðir.

Fram kom fyrirspurn þess efnis hvort að niðurskurður hafi bitnað á grunn- og stoðþjónustu skólans. Guðjón svaraði því til að skólastarfið væri enn í góðu lagi þrátt fyrir hagræðingu í rekstri á ýmsum sviðum.

Fram kom ábending um að gæta þarf að hegðun nemenda í skólabílnum og í biðskýli.

### **3. Samræmd próf og áherslur í skólastarfi**

Viktoría sagði frá því að þegar niðurstöður samræmdra könnunaprófa liggja fyrir er farið yfir þær með viðkomandi kennurum. Farið er með útkomuna á stigsfundi og farið yfir það sem fram hefur komið.

Mikil áhersla er á stærðfræði og íslensku í skólanum þessa dagana. Farið var í miklar breytingar á elsta stigi í kjölfar útkomunnar sem og eftir fagfund kennara í stærðfræði.

Kennarar á yngsta og miðstigi hafa setið fagfund þar sem samræmd voru helstu áhersluatriði og kennsluhættir.

Framundan eru fagfundur vegna íslensku.

Ekki fleira gert og fundi slitið klukkan 18:30